

2003030092

2000; 9310

Verkfræðistofa Suðurnesja ehf
Brynjólfur Guðmundsson
Víkurbraut 13
230 Keflavík

Reykjavík, 16. apríl 2003

/--

Efni: Sjóvarnir við Ægisgötu, Reykjanesbæ. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis verkfræðistofu Suðurnesja fyrir hönd Reykjanesbæjar dags. 31. mars 2003 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt gerð sjóvarnar og landfyllingar við Ægisgötu, Reykjanesbæ samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10 h í 2. viðauka laganna.

Með erindinu barst álit Reykjanesbæjar dags. 28. mars 2003 en Skipulagsstofnun leitaði ennfremur álits Fornleifaverndar ríkisins, Siglingastofnunar og Umhverfisstofnunar. Umsagnir bárust frá Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 15. apríl 2003, Siglingastofnun með bréfi dags. 7. apríl 2003 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 9. apríl.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugað sé að gera um 900 m langan sjóvarnargarð meðfram Ægisgötu frá enda núverandi sjóvarnar við Grófina að Básinum. Sjóvarnargarðurinn muni að hluta til liggja meðfram núverandi grjótströnd vestan til en á um 500 m kafla sé gert ráð fyrir að sjóvarnargarðurinn liggi um 5-25 m frá núverandi strandlínu. Fyrirhugað sé að gera um 1,7 ha landfyllingu innan sjóvarnargarðsins. Áætluð efnisþörf í sjóvarnargarð sé um 60.000 m³ og um 90.000 m³ í landfyllingu og verði allt efni tekið úr námu á iðnaðarsvæði í Helguvík. Fram kemur að efni verði ekið með efnisflutningabílum út á garðinn þar sem hann liggi að landi og verði allir efnisflutningar í samráði við bæjaryfirvöld og lögreglu. Gerðar verði fyllstu kröfur um öryggi, umgengni og tillit við íbúa vegna efnisflutninga. Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði eru ekki friðlýstar fornleifar en gömul bryggja, Miðbryggja, er skammt sunnan Grófarinnar. Fyrirhugað sé að varðveita ytri hluta bryggjunnar og verði haft samráð við Fornleifavernd ríkisins um framkvæmdatilhögun með tilliti til varðveislu bryggjunnar. Fram kemur að á árunum 1990-1995 hafi verið unnið við gerð landfyllinga og grjótvarna meðfram núverandi Ægisgötu

og upprunaleg fjara því horfin. Þrátt fyrir þessar framkvæmdir hafi sjór nokkrum sinnum gengið á land á undanförunum árum og valdið tjóni og telji framkvæmdaraðili því nauðsynlegt að ráðast í fyrirhugaðar framkvæmdir.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Í umsögnum Reykjanesbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Siglingastofnunar og Umhverfisstofnunar kemur fram það álit að fyrirhugaðar framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að fyrirhuguðu framkvæmdasvæði hafi nú þegar verið raskað með sjóvörnum og því sé ekki um upprunalega fjöru að ræða. Því megi telja að m.t.t. til dýralífs og gróðurfars hafi svæðið takmarkað verndargildi. Framkvæmdin sé takmörkuð að umfangi og hvað varðar tíma og telji stofnunin að staðbundin áhrif af völdum hennar á íbúa og fyrirtæki, sökum ónæðis og hávaða verði því óveruleg. Í umsögn Siglingastofnunar kemur fram að fyrirhuguð sjóvörn muni ekki hafa áhrif á aðliggjandi fjörur eða siglingarleiðir.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða gerð um 900 m langs sjóvarnargarðs og um 1,7 ha landfyllingar meðfram Ægisgötu í Reykjanesbæ. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 h í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrirhuguð framkvæmd verður á svæði þar sem fyrri framkvæmdir við landfyllingar og grjótvarnir hafa þegar raskað upprunalegri fjöru og mun ekki hafa áhrif á nærliggjandi fjörur eða siglingaleiðir. Haft verður samráð við Fornleifavernd ríkisins vegna varðveislu gamallar bryggju við fyrirhugað framkvæmdasvæði. Efnistaka á iðnaðarsvæði við Helguvík er hluti af framkvæmd samkvæmt leyfi útgefnu fyrir 1. maí 1994 og því ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt I. ákvæði til bráðabirgða í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun telur ljóst að nokkuð ónæði muni hljóta tímabundið af efnisflutningum og leggur áherslu á að fyllsta öryggis verði gætt og að tillit verði tekið til íbúa í nærliggjandi byggð eins og fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að gerð sjóvarnargarðs við Ægisgötu í Reykjanesbæ sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru í samræmi við staðfest Aðalskipulag Reykjanesbæjar 1995-2015 og efnisnám í samræmi við gildandi deiliskipulag í Helguvík. Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdaraðili þarf að sækja um framkvæmdaleyfi til sveitarstjórnar sbr. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b vegna sjóvarnargarðs og landfyllingar.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 20. maí 2003.

Hómfríður Sigurðardóttir

Jakob Gunnarsson

Afrit: Umhverfisráðuneytið, Reykjanesbær, Fornleifavernd ríkisins, Siglingastofnun og Umhverfisstofnun